

# Skýrsla Æskulýðsnefndar 2020-2021



**Hestamannafélagið Ljúfur**  
**Hveragerði og Ölfus**

**Október 2021**

## Inngangur

Árið sem er að líða, 2020-2021 hefur verið umbreytingarár í hestamannafélaginu Ljúf. Fjöldi barna í félaginu hefur aukist um 65% frá 2019 og er þessi næsta kynslóð reiðmanna í Hveragerði og Ölfusi stolt okkar í Ljúfi.

Hér á næstu blaðsíðum ætlum við að fara yfir það helsta sem við höfum okkur fyrir hendur undanfarið ár.

### Grunnupplýsingar um Hestamannafélagið Ljúf

Fjöld meðlima 2019: 121 Þarf af börn: 19

Fjöldi meðlima 2020: 130 Þarf af börn: 30

Fjöldi meðlima 2021: 157 Þarf af börn: 55

Formaður: Ragnhildur Gísladóttir

Formaður Æskulýðsnefndar: Margrét Polly Hansen

Meðstjórnendur æskulýðsnefndar: Snævar Freyr Sigtryggsson og Lovísa Bragadóttir




Félagssvæði Ljúfs er í Hveragerði og dreifbýli Ölfuss. Félagið var stofnað 13. janúar 1961.

Fyrsti formaður var Magnús Hannesson og stofnfélagar voru 16. Félagið heitir eftir Ljúfi frá Núpum í Ölfusi sem var í eigu Magnúsar Hannessonar fyrsta formanns. Félagsheimilið er við hesthúshverfið upp í Reykjadal. Félagsbúningurinn er ljósblár jakki, svört skyrta, hvítt bindi og svartar buxur.

## **Haust 2020**

### **Haustgjafir**

Stjórn og æskulýðsnefnd Ljúfs ákváðu haustið 2020 að fagna sérstaklega öllum börnum félagsins með gjöfum og fengu þau öll póstsendingu með óvæntum gjöfum. Var þar bókin Heimur hestsins ásamt reiðvettlingum til að undirbúa þau undir komandi vetur.



Með bókinni kom mjög metnaðarfull vetrardagskrá fyrri börn félagsins. Átti veturinn að byrja með jólagleði milli jóla og nýárs sem var aflýst vegna samkomutakmarkanna. Sama fór fyrir páskagleðinni og mörgum af þeim námskeiðum sem voru á plönunum, en þetta var góð leið til að ná til barna og foreldra.

### **Æfum hestamennsku**

Í samstarfi við Reiðskólann Bjarnastöðum var sett af stað vikulegar hestamennsku æfingar fyrir börn á grunnskólaaldri.

Reiðskólinn er staðsettur 5 km fyrir utan bæinn og ákvað hestamannafélagið Ljúfur að greiða fyrri að frístundabíllinn kæmi börnunum á námskeiðið innan frístundartímans.

Börnin á námskeiðinu fengu buff undir hjálminn og peysur undir gallann í styrk frá Ljúfi.

Æfingin er 1.5 klukkutíma, 1 x í viku, og er hópunum skipt upp eftir aldri og getu.

Börnin eru að sjá um umhirðu hesta, moka undan þeim sem eru inni, sækja þá sem eru úti, beisla, leggja á og taka af hnakkinn.

Farið var í ýmsar æfingar í gerðinu, fyrst á feti og svo á tölti eða brokki, en nokkrum vikum síðar voru börnin farin að geta farið í útreiðatúra, sem þau héldu áfram yfir allan veturinn.

Allt þetta starf á vegum reiðskólans var til fyrirmyndar og uppskárum við í Ljúfi stórans hóp barna sem nú hafa ekki einungis áhuga, heldur þekkingu til að halda áfram í hestamennsku.



## Vetur 2021

### Pollanámskeið

Haldið var námskeið fyrir yngstu börn félagsins í febrúar 2021. Námskeiðið varð haldið á Grænhóli af reiðkennaranum Þórdísi, sem er ein af þeim fjölmörgu reiðkennara sem við búum að hér Ölfusi og Hveragerði. 12 börn voru skráð á námskeiðið og var þeim skipt upp í hópa samkvæmt aldri og getu þó að námskeiðið hafi aðalega verið miðað að þeim sem væru að stíga sín fyrst skref í hestamennsku. Áhersla var lögð á jákvæða nálgun og byggja upp sjálfstraustið hjá börnunum. Stuðst var við leik og gleði til að bæta samhæfingu, ásetu og færni hjá hverjum og einum. Í lok námskeiðs var augljóst að margir framtíðar hestamenn voru þarna á ferð.



## Sumar 2021

### Firmakeppni Ljúfs

Var haldin í júlí og var fjöldi barna sem tók þátt. Reiðskólinn Bjarnastöðum lánaði þeim börnum sem ekki höfðu sjálf hest til umráða, hest til þess að geta tekið þátt í mótinu. Öll börn sem tóku þátt fengu með sér verðlaunabikar og ýmiss verðlaun sem fyrirtæki höfðu gefið.



### Sumarnámskeið Ljúfs

Námskeið var að þessu ári haldið á reiðskólanum Bjarnastöðum. Námskeiðin eru haldin fyrir börn fædd frá 2015-2009 og opin öllum börnum úr Hveragerði og Ölfusi. Á sumarnámskeiði Ljúfs kynnst börnin hestunum og læra undirstöðuatriði hestamennskunar í reið.



## Lokaorð

Mikil aukning hefur verið í hestamannafélaginu Ljúfi undanfarin 2 ár og er komið nýtt og skemmtilegt andrúmsloft í félagið.

Í stjórninni sitja núna ekki einungis nýir nefndarmenn, heldur einnig formaður og ritari.

Hverfið við Vorsabæjarvelli hefur lifnað við með nýjum og yngri félögum sem þar stunda reiðmennsku allt árið um kring.

Hverfið hefur þarfnast þess að fá þetta nýja líf, og nú þarf að fara í umbætur fyrir þá sem þar eru, og þá sem hafa áhuga á að koma.

Grunnþörfin fyrir því að byggja upp frekara æskulýðsstarf er að hafa aðstöðu til þess í hverfinu sjálfu.

Eins og er erum við að leigja aðstöðu af þeim sem eru með hana fyrir sína atvinnustarfsemi, og finna

bílstjóra með kerru til að sækja hesta og keyra á staðinn. Það takmarkar líka fjölbreytni í námskeiðshaldi, því eigandi reiðhallarinnar þarf að geta boðið uppá þá kennslu, með tilheyrandi stússi við að taka á móti hópi til sín.

Ef við værum með reiðhöll á Vorsabæjarvöllum væri hægt að halda námskeið mun oftar, fyrir mismunandi aldurshópa, og með lægri kostnaði í hvert sinn fyrir þáttakendur.

Ef við viljum halda í þennan fjölda barna sem við höfum fengið í gegnum það að vera í samstarfi við Reiðskólann Bjarnastöðum, þá þurfum við að geta boðið uppá þá aðstæður sem börnin þurfa til að verða sterkari reiðmenn. Félagshús þar sem hægt er að leigja einn bás og reiðhöll er það sem okkur í æskulýðsnefnd dreymir um.

Ölfus, Október 2021

Margrét Polly, Snævar og Lovísa  
Æskulýðsnefnd.